

# Aðalfundur foreldrafélags Hulduheima-Sels

13.september 2016 kl 20:00

Fundinn sátu stjórn félagsins s.s Elfa Rán Formaður, Anna María gjaldkeri og Þorbjörg ritari einnig voru Snjólaug skólastjóri og Ólöf tengiliður foreldrafélagsins við skólann auk 8 foreldra.

Farið var yfir viðburði síðasta skólaárs.

Innheimta félagsgjalda

Ferð í Kjarnaskóg að tína köngla

Leiksýning - Pönnukakan hennar Grýlu

Jólagjafir

Danskensla

Vorhátíð

Gjaldkeri fór yfir ársreikninginn og staða reikningsins í lok ársina voru rúmar 17.000 krónur.

Gerð könnun meðal foreldra hvort ætti að hafa Jólabboll eða Þrettándagleði og kom sú niðurstaða að jólabböll væru tíðari s.s í leikskólanum, á vinnustöðum þannig að þrettándagleði varð fyrir valinu og fengum við einnig ábendingu um flottan jólasvein í foreldrahópnum.

Snjólaug lagði til að sveitaferðin yrði á ábyrgð foreldrafélagsins. Foreldrar tóku vel í það og fékk hún góðar undirtektir og ákveðið var að það yrði farið í sveitina einhvern laugardagsmorguninn í maí næstkomandi.

Þá kom sú spurning hvort foreldrar vildu hafa danskenslu eins og hefur verið síðastliðna tvo vetur. Sú hugmynd kom einnig að bjóða uppá Jóga í stað dans en voru fleiri sem vildu dans aftur en alveg til í að skoða Jóga líka þannig að er spurning um að hafa Jóga næsta vetur, 2017/2018.

Vorhátíðin var rædd og vangaveltur um hvernig hægt væri að virkja foreldra og hvernig hægt væri að hafa foreldrafélagið sýnilegra. Vorhátíðin þótti takast vel síðastliðið vor og talað um að það væri ekkert atriði að hafa einhverja stífa dagskrá en engu að síður væri um að gera að reyna

að virkja foreldra sem hefðu upp á eitthvað að bjóða.

Einnig var rætt hvernig væri hægt að fá fólk í stjórn félagsins og kom sú hugmynd að fundirnir innhéldu einhverskonar rauðvins- og ostakvöld eða annarskonar skemtilegheit. Stjórnin fekk til liðs við sig tvo nýja meðlimi í stjórnina þær Soffíu Rut foreldri af Dvergadeild og Evu Dögg foreldri af Álfadeild. Anna María gekk úr stjórninni. Elfa var skipuð gjaldkeri, Soffía Rut ritari og Þorbjörg formaður. Einnig bauð Arnfríður foreldri á Trölladeild sig fram í foreldraráð leikskólans.

Ritari: Þorbjörg Níelsdóttir